



Sigurður H. Ingimarsson

Fæddur 1953

Hætti störfum 2022

*Varamaður í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins frá
2018*



***Sigurður H.
Ingimarsson***

Starfsferill

Starfaði sem sérfræðingur á greiningarsviði skattrannsóknarstjóra (SRS) frá árinu 2010 - 2022.

Leiddi samninganefnd SRS við kaup á svokölluðum skattaskjólsgögnum 2015.

Tengiliður SRS við Bundeskriminalamt í Þýskalandi í tengslum við Panama- og Paradísarskjölin.

Hef á vegum SRS setið í þremur starfshópum, skipuðum af fjármála- og efnahagsráðuneytinu:

Starfshópur um mótun aðgerðaráætlunar gegn skattsvikum og skattaskjólum.

Starfshópurinn skilaði af sér tillögum að breytingu á tekjuskattslögunum í júlí 2016.

Starfshópur, sem hafði það hlutverk, að leggja mat á umfang fjármagnstilfærslna og eignaumsýslu á aflandsvæðum. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslunni «Aflandsvæðing Íslands» í september 2016.

Starfshópur, sem hafði það verkefni, að kanna og greina nánar niðurstöður Aflandsskýrslunnar um milliverðlagningu í utanríkisviðskiptum, þ.m.t. faktúrufölsun. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu í júní 2017.



***Sigurður H.
Ingimarsson***

Starfsferill

Var á árunum 1981 til 1983 framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélags Íslands og þar með framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, en félagið sá um rekstur sjóðsins á þeim tíma.

Félagið stundaði jafnframt «leasing» starfsemi og rak Verðbréfamarkað í húsakynnum Iðnaðarbankans við Lækjargötu.

Kom á þessum árum að innleiðingu verðtryggingar í fasteignaviðskiptum á Íslandi með stofnun Fasteignamarkaðar Fjárfestingarfélagsins í húsnæði SPRON að Skólavörðustíg.

Starfaði um tveggja ára skeið (1986 – 1987) hjá Marel hf. fyrst sem fjármálastjóri og síðan sem framkvæmdastjóri og var fenginn til að gera tillögur að endurskipulagningu rekstrar, en á þessum árum stóð félagið frammi fyrir alvarlegum rekstrarerfiðleikum. Framhaldið þekkja flestir.



***Sigurður H.
Ingimarsson***

Starfsferill

Stóran hluta starfsævinnar eða í 19 ár starfaði ég sem framkvæmdastjóri Jóhanns Ólafssonar & Co. Félagið breyttist úr því að vera, á árinu 1988, lítið félag, sem stundaði innflutning á ljósaperum, yfir í félag, sem stundaði fjölbreytta atvinnustarfsemi, undir merkjum fimm dótturfélaga. Árleg velta óx jafnt og þétt, hagnaður óx samsvarandi og þar með eiginfjárstaðan og þegar upp var staðið á árinu 2007, þegar ég lét af störfum hjá félaginu, var árleg velta komin upp í 1.800 milljónir og starfsmannafjöldi komin í 70 manns.

Önnur störf:

Fjármálastjóri Veltis hf., 1983 - 1986, en félagið var umboðsaðili Volvo á Íslandi.

Fjármálastjóri Traust hf., 1987 – 1988, en félagið sérhæfði sig í smíði tækja og búnaðar fyrir fiskiðnaðinn.



***Sigurður H.
Ingimarsson***

Menntun

Útskrifaðist sem stúdent af hagfræðibraut Verslunarskóla Íslands vorið 1974.

Útskrifaðist með Cand. Oecon gráðu frá Háskóla Íslands af fyrirtækjakjarna með reikningshald og endurskoðun, sem sérsvið, vorið 1978.

Hlaut löggildingu í verðbréfaviðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011.

Á árum áður sótti ég svo nokkur námskeið fjármálalegs eðlis hjá Harvard Business School í Boston.



***Sigurður H.
Ingimarsson***

Markmið mitt með framboðinu er...

Að leggja mitt að mörkum til þess að efla rekstur sjóðsins á öllum sviðum með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi.

Að leggja mitt að mörkum til þess að bæta verklag við allar fjárfestingarákvarðanir sjóðsins.

Að leggja mitt að mörkum til þess að innleiða og leggja áherslu á mikilvægi góðra stjórnarháttanna, upplýsingagjafar og gegnsæis.

... Og þar með að vera þátttakandi í því að gera góðan sjóð enn betri.